

EFTIRLITSSKÝRSLA

HULA bs. Skógasandur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	HULA bs.	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Hlíðarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4306972269	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorbjörg Gísladóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Pálmi Kristjánsson	Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram fjögur frávik er varða magn úrgangs, viðbragðsáætlun, tryggingar og skil skráninga. Tvö eldri frávik voru opin við eftirlit er varða umhverfismarkmið og hauggasmælingar. Umhverfismarkmiðum hefur ekki verið skilað og helst það frávik því opið. Brugðist hefur verið við frávik vegna hauggasmælinga og er því frávik lokið. Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu er varða skil á skráningum og uppfærslu viðbragðsáætlunar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi fyrir urðunarstað byggðasamlagsins Hulu á Skógasandi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi;

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar (gr. 5.1)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.6)
4. Tryggingar (gr. 2.12)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits
7. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Eftirlitið hófst á skoðunarferð um urðunarstaðinn á Skógasandi þar sem fulltrúi rekstraraðila á staðnum kynnti urðunarstaðinn og verklag við urðun. Urðunarstaðurinn er snyrtilegur og skipulagður, ein urðunarrein er opin og verið að vinna í henni. Fram kom að í lok dags væri urðaði úrgangurinn lagður þekjulagi og er frágangur í samræmi við kröfur starfsleyfisins. Girðingar og hlið umhverfis urðunarstaðinn eru í góðu ástandi. Hlið eru höfð lokuð þegar ekki væri verið að vinna á staðnum.

Að skoðunarferð lokinni var haldið í Vík þar sem farið var yfir starfsleyfið með fulltrúa rekstraraðila.

Á urðunarstaðnum er heimilt að urða allt að 400 tonnum af úrgangi á ári. Í eftirlitinu kom fram að árið 2018 hefðu verið urðuð 690 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum, þar af 537 tonn af grófum úrgangi og 153 tonn af heimilisúrgangi. Úrgangurinn var ekki vigtaður inn á urðunarstaðinn og eru þetta því áætlaðar tölur. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var í upphafi árs tekið upp tveggja tunnu flokkunarkerfi á heimilum í sveitarfélaginu og er úrgangurinn nú vigtaður inn á urðunarstaðinn, vonast er til að draga muni úr magni úrgangs með þessum aðgerðum sem og öðrum aðgerðum sem sveitafélagið er að vinna í til að draga úr magni úrgangs.

Farið var yfir niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi, en þeim ber að skila fyrir 1. maí ár hvert, sbr. gr. 5.4 í starfsleyfi. Upplýsingar um tl. 1-6 og 9-13 hafa ekki borist stofnuninni. Upplýsingar um tl 7 er varða niðurstöður mælinga á stöðu og sametningu grunnvatns og mengunar í jarðvegi, sbr. gr. 5.2 hafa borist. Mælingarnar eru í samræmi við ákvæði starfsleyfisins og benda til að mengun berist ekki frá urðunarstaðnum. Rekstraraðila var bent á að skila skráningum í einni samfelldri skýrslu til stofnunarinnar. Skýrslur eru birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir starfsleyfi viðkomandi rekstraraðila.

Könnuð var staða viðbragðsáætlunar fyrir urðunarstaðinn, sbr. gr. 2.4 í starfsleyfi, en rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit. Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp og er rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningunum.

Rætt var um tryggingar fyrir urðunarstaðinn en skv. gr. 2.12 í starfsleyfi skal rekstraraðili annarsvegar leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja og hinsvegar að leggja fram ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns. Ekki lá fyrir við eftirlit hvort slík trygging væri til staðar.

Farið var yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu, en við eftirlit 2018 komu fram tvö frávik frá starfsleyfi er varða umhverfismarkmið og mælingar á hauggasi. Vinna er í gangi vegna umhverfismarkmiða og veitti Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til 1. september s.l. Umhverfismarkmiðum var ekki skilað fyrir 1. september og voru ekki tiltæk við eftirlit. Rekstraraðili sótti um breytingu á starfsleyfi þar sem felld yrði niður krafa um hauggasmælingar og tók sú breyting gildi fyrr á þessu ári.

Í eftirlitinu var kynnt nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati sem gert verður meðfram eftirlitum stofnunarinnar í ár. Í lok árs verður áhættumatið síðan rýnt heildrænt og nýtt sem grunnur að gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 1.2 í starfsleyfi	Heimilt er að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 690 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum.
gr. 2.4 í starfsleyfi	Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit.
gr. 2.12 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja. Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns. Upplýsingar um tryggingar lágu ekki fyrir í eftirlitinu.
gr. 5.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2018 eru ekki fullnægjandi.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að skila skráningum, sbr. gr. 5.1, í einni samfelldri skýrslu.
2. Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.10.2019



Sigríður Magnúsdóttir